

Rekjanleiki matvæla



Við neytendur búum við það að matvæli eru framleidd af öðrum en okkur sjálfum og við treystum því að þeir, sem að matvælaframleiðslu koma, sjái okkur fyrir ör-

uggum og heilnæmum matvælum. En þrátt fyrir góðan vilja geta komið upp tilvik sem gera það að verkum að innkalla þurfi vörur af markaði.

Til að slík innköllun megi ganga sem greiðast þarf að vera hægt að rekja feril matvörunnar, allt frá framleiðslu hráefna, út í gegnum framleiðsluferli vörunnar, dreifingu og smásölu. Þetta er kallað rekjanleiki. Um rekjanleika vöru gilda reglur sem fela meðal annars í sér að fyrir hverja einingu, sem framleidd er, þarf framleiðandinn að geta tilgreint hvaða hráefni voru notuð, hvenær þau voru keypt og af hverjum og hvenær varan var framleidd, hvert hún var seld og hvenær. Á sama hátt þarf smásali að hafa handbærar upplýsingar um hvaðan allar vörur voru keyptar og hvenær. Sama

gildir um alla milliði. Hver og einn þarf að geta rakið feril vörunnar eitt skref til baka, það er að segja hvaðan hann fékk vöruna, og eitt skref áfram eða hvert hún fór frá honum.

Til að þetta sé vörueining merkt með annaðhvort framleiðsludagsetningu eða svokölluðu lotunúmeri sem segir úr hvaða framleiðslulotu varan er. Framleiðslulota þýðir að allar einingar innan lotunnar

eru nákvæmlega eins. Verði mistök í framleiðslu þarf eingöngu að taka til baka einingarnar með því tiltekna lotunúmeri. Í sjálfvirkri framleiðslulínu væri til dæmis hægt að gefa framleiðslu hvers dags sama lotunúmer. Íslensk stjórnvöld eru aðilar að samevrópsku vaktkerfi sem fylgist með ef gallar finnast í vörum á alþjóðamarkaði. Ef slík tilvik koma upp eru öll löndin, sem eiga aðild að vaktkerfi

inu, látin vita strax að vörur frá þessum framleiðanda, með þessu lotunúmeri séu gallaðar og eigi að afturkalla af markaði. Þetta getur verið mjög mikilvægt í heimi alþjóðlegra viðskipta með matvæli eins og nú tíðkast. Sem betur fer er ekki algengt að afturkalla

þurfi matvæli af íslenskum markaði en þó kemur það fyrir. Þannig hafa íslensk stjórnvöld fengið tilkynningar, í gegnum vaktkerfið, um kryddblöndur

með litarefnum, sem ekki standast reglur Evrópusambandsins, hnetur sem greinst hafa með leifar af sveppaeitri og fleira.

Rekjanleiki vöru gerir því innköllun matvæla fljótvirkari og markvissari og kemur í veg fyrir óþarfa sóun ef til þess kemur að afturkalla þurfi vöru af markaði.

